


# REIKNINGUR

nr. 2008039  
02.05.03

09

Nafn Fjallabyggd  
Heimili Bæðum Þóru  
Póstfang 580 Siglufjörður  
Kennitala \_\_\_\_\_

Sendandi:  
þjóðlagaháskóli a'  
Siglufjörður  
621299-2719

Dags.	Lýsing	Krónur
20.8.20	An.: <i>Stykkr til undirskrivings þjóðlagaháskólar 2020</i> Rnt. 348-26 57	 800.000,-

Greiðsluform

Með peningum

Með greiðsluk. nr.

Með debetkorti

02.05.03  
nr. 2008039

Fjallabyggð 18. ágúst 2020

Bæjarráð Fjallabyggðar  
Ráðhúsinu Siglufirði  
580 Siglufirði

Erindi: Styrkur vegna Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði 2020


Ágæta bæjarráð Fjallabyggðar.

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði fékk kr. 800.000 styrk frá Fjallabyggð vegna hátíðarinnar sem fara átti fram 1. til 5. júlí 2020. Í bréfi, dagsett 25. maí 2020, var farið fram á að þar sem Þjóðlagahátíðin 2020 félli niður yrði styrkur til hátíðarinnar færður til Þjóðagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar til að standa straum af rekstri þess árið 2020. Í bréfi frá bæjarráði dagsettu 16. júní 2020 var þessu erindi hafnað.

Starf listræns stjórnanda og framkvæmdastjóra hátíðarinnar felst í því að skipuleggja hátíðina, semja við listamenn og bóka húsnæði. Framkvæmdastjóri vann sitt starf frá 1. janúar 2020 til 1. maí 2020. Dagskrá hátíðarinnar var alveg tilbúin og birt á heimasíðu hennar, [www.folkmusik.is](http://www.folkmusik.is). Þar kemur nú fram að hátíðinni hefur verið frestað um eitt ár. Samkvæmt fjárhagsáetlun sem send var til Fjallabyggðar voru laun framkvæmdastjóra fyrirhuguð kr. 700.000. Þó svo hátíðin hafi fallið niður árið 2020 verður ekki hjá því komist að greiða framkvæmdastjóranum laun fyrir að skipuleggja 18 tónleika, 6 námskeið og fjölmarga fyrirlestra í Þjóðlagakademíunni sem áttu að fara fram sumarið 2020.

Einnig vann hönnuður þjóðlagahátíðar grafík fyrir vef hátíðarinnar og útlit prentaðrar dagskrár. Dagskráin fer í prentun á næsta ári. Kostnaður við hönnun var kr. 100.000.

Hér með er þess farið á leit við bæjarráð Fjallabyggðar að það greiði Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði 2020 kr. 800.000 í styrk eins og bæjarráð samþykkti á sínum tíma. Þannig getur hátíðin staðið við skuldbindingar sínar gagnvart framkvæmdastjóra og hönnuði hátíðarinnar.

Með kveðju  
  
Gunnsteinn Ólafsson  
formaður Félags um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar

